

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 14. nóvember 2008

Ríkisbankar eignist brátt sína eigin gjaldeyrisreikninga

Temprun gjaldeyrisútlæðis er enn við lýði og sem fyrr fara nær allar erlendar greiðslur í gegnum Seðlabankann. Þetta þýðir að bankarnir þrír geta ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í samræmi við tilmæli Seðlabankans. Sparisjóðabankinn býr þó sem fyrr yfir greiðslumiðlunarkerfi sem virkar ágætlega í flestum myntum.

Stefnt er að því nýju ríkisbankarnir eignist brátt sína eigin gjaldeyrisreikninga hjá JP Morgan, en þannig gætu þeir sinnt erlendri greiðslumiðlun án beinnar aðkomu Seðlabankans, líkt og Sparisjóðabankinn hefur getað gert undanfarnar vikur. Ljóst er að þetta getur haft mikla kosti í för með sér fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa þurfa að koma gjaldeyri til og frá Íslandi.

Unnið að því að fá frest á greiðslu opinberra gjalda

Vegna erfiðrar lausafjárstöðu margra fyrirtækja hefur Viðskiptaráð, í samvinnu við fleiri aðila, beitt sér fyrir því að hið opinbera veiti frest á greiðslu opinberra gjalda, sem annars eru á gjalddaga á næstu dögum og vikum. Virðisaukaskattur vegna innflutnings er á gjalddaga 15. nóvember og vegna innanlandssölu 5. desember. Þess er farið á leit við stjórnvöld að heimilt verði að skipta og mögulega fresta greiðslum á virðisauka um tiltekinn tíma. Einnig hefur verið óskað eftir sömu heimild vegna staðgreiðslu í desember. Nánar verður upplýst um framvindu þess máls á næstu dögum.

Mínum á fund með Seðlabankastjóra

Þriðjudaginn 18. nóvember stendur Viðskiptaráð fyrir árlegum morgunverðarfundi í tilefni útgáfu Peningamála. Þar mun Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, ræða um hagstjórnina. Þeir sem taka til máls í umræðum að lokinni framsögu eru:

- . Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabankans
- . Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans
- . Gylfi Zoega, deildarforseti og prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands
- . Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis

Friðrik Már Baldursson, forstöðumaður Rannsóknarstofnunar í fjármálum við Háskólann í Reykjavík,

stjórnar umræðum. Fundurinn hefst kl. 08:15 og stendur til kl. 9:30 á Hilton Nordica. Fundargjald er kr. 3.500 með morgunverði. Fundurinn er öllum opinn. Skráning fer fram [hér](#).